

Fundargerð 17. fundar verkefnisstjórnar 6. áfanga rammaáætlunar  
Haldinn á Teams kl. 13.00

Mætt: Ása, Guðrún, Jón Björn, Kjartan, Pétur og Svanfríður  
Starfsmaður verkefnisstjórnar Rán Jónsdóttir

1. Staðfesting fundargerðar 16. fundar

Fundargerð staðfest

2. Drög að reglugerð vegna breytinga á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun

Umræður um reglugerðardrögin og formanni falið að koma athugasemdum á framfæri við ráðuneytið. Faghópar hafa einnig fengið drögin til umsagnar.

3. Staða verkefna sem bíða umfjöllunar verkefnisstjórnar

Farið yfir verkefni sem UOS hefur til skoðunar og mun vísa til verkefnisstjórnar þegar umsagnir og næg gögn hafa borist.

4. Vettvangsferð 2026

Rætt um skipulag vettvangsferðar í Vaðöldu sem er á dagskrá 5. júní nk.

Fundi slitið kl. 14.20